

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamanntvirkja skiptast á 4ra ára greiðslu-
tímabil vegna hvernar framkvæmdar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 31. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði til að geta öðlazzt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðu-
maður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a. 25 ára aldur.
- b. Verzlunarskólapróf, eða hliðstæð menntun eða meiri, að dómi ráðuneytisins.
- c. Að minnsta kosti 5 ára starf við almennan ferðaskrifstofurekstur, eða 3 ár sem forstjóri ferðaskrifstofu. Störfín skulu vera þess eðlis, að þau geti, að dómi ráðuneytisins, veitt alhliða þekkingu á ferðaskrifstofurekstri.

Ráðuneytið getur ákveðið, að 5 ára störf við farþegaafgreiðslu í millilanda-
ferðum hjá flugfélagi eða skipafélagi teljist jafngilda starfstíma á ferðaskrif-
stofu samkvæmt þessari grein.

- d. Fjarræði og forræði á húi sínu.
- e. Búseta á Íslandi.